

Nd.

84. Nefndarátt

um frumvarp til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefir kynt sjer mál þetta og skjöl þau, er það snerta, og hefir orðið ásaðtt um, að ekki sje annars kostur en að ráðleggja háttvirtri deild að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir.

Eins og kunnugt er var mál þetta fyrir Alþingi í fyrra, og var þá rannsakað mjög grandgæfilega frá rótum og rætt, og komu þá skýrt fram þau rök, er knúðu þingið til þess að ganga að kröfu Spánverja um undanþágu frá aðflutningsbannslögunum að því er snertir vín með 21% vínanda og þar undir. Hinsvegar fekst því þá til vegar komið, að málið var þá afgreitt til bráðabirgða til eins árs.

Þetta eina ár hefir ekki fært oss nær því takmarki að geta neitað að ganga að þessari kröfu. Vjer erum jafnháðir fiskmarkaðinum á Spáni og vjer vorum í fyrra, enda þótt gerð hafi verið ein tilraun til þess að aflaga markaðs í Ameríku, sem ef til vill getur leitt til einhvers síðar meir. Og vjer megum jafnilla nú eins og þá við því að verða fyrir margra miljóna króna halla á fiskiaf-urðunum. Rök þessi hafa svo greinilega verið talin áður, að óþarfi er að endurtaka þau nú.

Alþingi, 9. mars 1923.

Jón Þorláksson,
form.

✕Magnús Jónsson,
fundaskr. og framsm.

✕Björn Hallsson.

Magnús Guðmundsson.

Gunnar Sigurðsson.